

Málþing kennsluakademíunnar 23.05.2022

Þróun nýrra kennsluhátta í uppeldis- og menntunarfræði.

Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor HÍ og Aldís Garðarsdóttir, stundakennari HÍ.

Nám þarf alltaf að vera í takt við samfélagið, vettvanginn og þarfir nemenda, því stendur yfir endurskoðun á BA-náminu í uppeldis- og menntunarfræði. Einn liður í því er að bjóða upp á nýtt skyldunámskeið á fyrsta misseri, sem kennt var í fyrsta skipti síðastliðið haust (2021). Nemendur í BA-námi í uppeldis- og menntunarfræði höfðu lengi kallað eftir enn meiri áherslu á uppeldi á námsleiðinni. Þess vegna var boðið upp á 10e námskeiðið UME102G Uppeldishlutverkið: Áskoranir í nútímasamfélagi og luku 89 nemendur námskeiðinu.

Í námskeiðinu var hafist handa við að þróa nýja kennsluhætti með það að markmiði að styðja nemendur markvisst, strax á fyrsta misseri í grunnnámi, í gagnrýninni hugsun, skapandi þekkingarleit, víðsýni og framsækni.

Kennsluhættirnir eru þróaðir að fyrirmynd University of Minnesota, sem hefur verið í fararbroddi um menntun á sviði foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar í Bandaríkjunum. Kennsluhættirnir höfðu verið þróaðir í tveimur MA-námskeiðum á námsleiðinni foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf á Menntavísindasviði með styrki frá Kennslumálasjóði 2015 og 2016. Nemendur námskeiðanna voru ánægðir með kennsluhættina og víðsýni þeirra jókst¹.

Til að þróa þessa kennsluhætti í BA-námi fékkst styrkur frá Kennslumálasjóði árið 2021. Nýmæli kennsluháttanna var tvíþætt: 1) nota kennsluhættina (Rauntengt nám (e. Authentic learning) og Reynslutengt nám (e. Experience based learning)) í stafrænni kennslu; og 2) nota kennsluhættina í BA-námi.

Kennslan í námskeiðinu var skipulögð þannig að hún skiptist í 1) sjálfstæðan undirbúning nemenda við yfirferð námsefnis; 2) umræður á netinu; 3) umræður í rauntíma (í gegnum fjarfundakerfi eða með mætingu í Stakkahlíðina); 4)

¹ Rund Þórarins Ingudóttir, Susan K. Walker og Heather Cline. (2018). Enhancing the intercultural awareness of parent education students through collaborative graduate learning in Iceland and the United States. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (ritstj.), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 156–179). Cambridge Scholars.

hálfsmánaðarlegar skriflegar ígrundanir; og 5) tvö skilaverkefni, annað hópverkefni og hitt einstaklingsverkefni.

Markmiðið var í fyrsta lagi að allir nemendur óháð búsetu fengju sömu kennslu og tækifæri til náms, sem samræmist Jafnréttisáætlun HÍ 2021-2023, þar sem kemur fram að mismunun vegna búsetu sé „óheimil innan Háskóla Íslands“². Áhersla var á virkni nemenda með þátttöku í umræðum bæði skriflegum (á netinu) og munnlegum (í rauntíma). Kennsluhættir námskeiðsins falla því vel að stefnu HÍ um „notendamið[aða] þjónust[u] sem byggir á þörfum nemenda ... með stafræn[a] umbreytingu“ að markmiði og því að hafa „gæði náms í fyrirrúmi“³. Áskorun getur fylgt því að hafa nemendur í staðnámi og fjarnámi. Til að svara henni fór kennslan fram með stafrænum hætti, sem einnig fellur afar vel að stefnu HÍ 2021-2026 en samkvæmt henni skal áhersla vera „á þróun stafrænna kennsluhátta, [og] fjarnám“⁴. Öllum hópnum var kennt saman en ekki í tveimur aðskildum hópum (staðnemum og fjarnemum). Að jafnaði voru umræðutímar í rauntíma einu sinni í viku. Þá gátu þeir sem höfðu tök á mætt í Stakkahlíðina en þeir sem ekki höfðu tök á því gátu tekið þátt í gegnum fjarfundakerfi.

Í öðru lagi var markmiðið að nemendur upplifðu sig sem hluta af hópnum og námssamfélaginu og með því var vonast til að draga mætti úr brottfalli fyrsta árs nemenda. Það er mikilvægt fyrir nemendur á fyrsta ári í háskóla og er í anda stefnu HÍ um að hafa „námsánægju og gæði að leiðarljósi“⁵. Kennsluhættirnir áttu að stuðla að því að nemendur kynntust innbyrðis og mynduðu gott tengslanet með faglegum jafn sem ígrundandi umræðum þar sem nemendur voru hvattir til að vísa í persónulega reynslu. Með því var einnig stuðlað að dýpri skilningi nemenda á námsefninu og þeim hjálpað að gera námið merkingarbært, þeir hvattir til þekkingarleitar, að tengja fræði og kenningar við eigin reynsluheim, gagnrýnnar hugsunar og ígrundunar og kafa þannig djúpt í umfjöllunarefni námskeiðsins. Það er í anda Rauntengds náms og Reynslutengds náms. Með þessum hætti var námið einstaklingsmiðað og höfðaði til reynslu einstaklingsins. Námskeiðið var tilvalið til að þróa þessa nýju kennsluhætti, þar sem allir hafa reynslu af uppeldi, hvort sem er sínu eigin eða annarra, og geta tengt þá reynslu við viðfangsefni námskeiðsins. Með þessum kennsluháttum var tilgangurinn að stuðla að sjálfræði, innri áhugahvöt og tengslaneti nemenda með merkingarbæru og einstaklingsmiðuðu námi.

² Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2021-2023. <https://www.hi.is/haskolinn/jafnrettisaaetlun>

³ Betri háskóli – betra samfélag: Stefna 2021-2026. <https://stefna.hi.is/>

⁴ Betri háskóli – betra samfélag: Stefna 2021-2026. <https://stefna.hi.is/>

⁵ Betri háskóli – betra samfélag: Stefna 2021-2026. <https://stefna.hi.is/>

Í námskeiðinu var lögð áhersla á fjölbreytt námsmat. Námsmat var margþætt og stuðlaði að jafnri þátttöku yfir misserið og skuldbindingu nemenda til náms, þar sem þeir voru hvattir til að taka virkan þátt og vinna jafnt og þétt í námskeiðinu í hverri viku. Nemendur fengu einkunnir fyrir hvern námsþátt vikulega, sem gerir það að verkum að árangur þeirra var þeim sýnilegur strax frá upphafi og vonast til að það hefði hvetjandi áhrif á nemendur, þar sem þeir sáu hvar þeir stóðu sig vel og hvað þeir þurftu að bæta. Vonast var til að þetta nýja verklag í námsmati í BA-námi í uppeldis- og menntunarfræði myndi stuðla að góðum námsvenjum nemenda strax frá fyrsta misseri.

Nemendur voru afar ánægðir með námskeiðið og kennsluhætti þess. Í kennslukönnun fékk námskeiðið 8,85 í heildareinkunn (meðaltal HÍ sama haust var 7,91). Nemendur töldu námskeiðið krefjandi og álagið mikið en á sama tíma afraksturinn vera aukinn skilning og áhuga á námsefninu. Þeir töldu að námsefnið sæti betur í minni en í námskeiðum þar sem kennsla er byggð á fyrirlestrum. Nemendur töldu mikilvægt að geta tengt námsefnið við eigin reynslu og að kennsluhættirnir (umræður á netinu, spjall og ígrundun) hefðu hvatt þá til að kafa djúpt í námsefnið.

Verkefnið hefur fengið styrk frá Kennslumálasjóði árið 2022 til þess að meta þessa nýju kennsluhætti. Ýmsum gögnum hefur verið safnað og til stendur að taka rýnihópaviðtöl við nemendur. Þá ætti sú reynsla sem fæst af verkefninu ekki eingöngu að nýtast við þróun og endurskoðun BA-náms í uppeldis- og menntunarræði, stuðla að bættri kennslumenningu og aukinni kennslufærni kennara í deildinni heldur einnig að geta nýst öðrum við HÍ sem hug hafa á að þjálfa nýnema í BA-námi enn frekar í sjálfstæðum vinnubrögðum, virkri þátttöku, gagnrýnni hugsun og í að tengja fræði og hugtök við persónulega reynslu.